

### Skólasóknarkerfi

#### Viðbragðsáætlun vegna fjarvista nemenda Höfðaskóla. Skólasókn er sýnileg í Mentor.

**1. Þrep: 10 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)**

Ef nemandi er kominn með fleiri en 10 fjarvistadaga sendir umsjónarkennari bréf um ástundun til foreldra/forráðamanna og ræðir síðan við foreldra/forráðamenn.

**2. Þrep : 15 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)**

Ef nemandi er kominn með fleiri en 15 veikinda- og/eða leyfisdaga sendir umsjónarkennari aftur bréf heim og ræðir síðan við foreldra.

Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru veikindadagar, hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og ræðir við foreldra.

**3. Þrep: 20 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)**

Ef nemandi er kominn með fleiri en 20 fjarvistadaga, senda skólastjórnendur tölvupóst á foreldra og taka erindið upp í nemendaverndarráði ef þörf þykir.

**4. Þrep: 25 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)**

Ef nemandi er kominn með fleiri en 25 fjarvistadaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fræðslustjóra.

**5. Þrep: 30 daga fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)**

Ef nemandi er með fleiri en 30 fjarvistadaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fræðslustjóra. Skólastjórnandi greinir nemendaverndarráði skólans um skólasókn nemandans.

Sé sýnileg þörf nemandans á sérfræðipjónustu utan sveitafélags s.s. langveik börn eða börn sem þurfa að sækja þjálfun í skemmri eða lengri tíma er tekið tillit til þess við mat á skólasókn. Einnig er tekið tillit til langvarandi veikinda.